

legu grimd, sem virðist fara vaxandi eftir því sem liður á Sturlungaöldina.

Hver stétt og tegund manna hefir sína sérstöku hræsni—eins og Goethe hefir tekið fram. Hræsni víkingsins var nú einkum sú, að taka dauða sínum eins og það væri atburður, er ekki gæti raskað hugarró hans, svo geigvænlegur sem hann þó virtist; og þurfti að vísu til þess aðdánlega stiltar taugar og trausta karlmensku.

En hinum kristnu afkomendum víkinganna var ekki einhlítt að verða karlmannlega við dauða sínum, því að dauðinn var, eins og áður er á vikið, inngangur að ógnum, þar sem jafnvel hreysti Gunnars eða Skarphéðins hefðu að engu haldi komið. Kristnir urðu mennirnir, þó þeir væru eins að gerð, að verða eigi einungis karlmannlega við dauðanum, heldur einnig hjálpvænlega eins og sagt er um Sæmund Ormsson, sem niðingurinn Ögmundur Helgason lét drepa.

Og vér sjáum menn Sturlungualdarinnar vera að leitast við að sameina þetta tvent; þess vegna fer oft saman hjá þeim mjög óvikingleg þolinmæði og hið víkinglegasta hugrekki. Vér skiljum nú hvernig stendur á því, að menn, sem voru svo harðir í hug, að þeir leika sér við dauðann með því, að horfa í loft upp, að egginni, þegar höggva á af þeim höfuðið (eins og Hermundur Hermundsson eða Þórður Bjarnarson), þessir menn láta þolinmóðlega taka sig og leiða til höggs, í stað þess að verjast meðan þeir geta vopnum valdið, eins og þeim hefði verið eðlilegast.

Þessi stilling, sem jafnvel þeinnig getur komið fram á orustuvellinum, er það, sem mun hafa valdið þeim misskilningi, að hin forna hreysti Íslendinga hafi verið horfin þegar á Sturlungaöld. En slík ætlan er mjög fjarri sanni. Sturlunga sýnir, að Íslendingar á 12. og 13. öld voru ekki síður hraustir og harðgerðir en á víkingaöldinni, þó að naumast væru þeir eins vopnfimrir. Það er að segja; holdið var enn þá álfka harðgert og fyrr, en andinn var að einu leyti veikari orðinn, vegna trúarinnar.

Víkingurinn vildi sigra eða falla með sæmd; niðjar hans á